

DRÖG

Ráðningarsamningur

Hafnarfjarðarkaupstaður, kt. 590169-7579, og Rósa Guðbjartsdóttir, kt. 291165-3899, gera með sér eftirfarandi ráðningarsamning um starf bæjarstjóra Hafnarfjarðar.

1. gr.

Samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hinn 8. júní 2022 er Rósa Guðbjartsdóttir ráðin í starf bæjarstjóra Hafnarfjarðar frá upphafi núverandi kjörtímabils til 31. desember 2024.

Verksvið bæjarstjóra fer samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 og þeim samþykktum sem bæjarstjórn setur um starfið.

2. gr.

Föst laun bæjarstjóra fyrir dagvinnu skulu vera krónur 1.247.787 miðað við 1. júlí 2022. Dagvinnulaun á samningstímanum skulu taka breytingum tvisvar á ári, 1. janúar og 1. júlí ár hvert í samkvæmt launavísitölu sem útgefin er af Hagstofu Íslands.

Föst yfirvinna bæjarstjóra eru 50 tímar á mánuði. Bæjarstjóri fær ekki greidda yfirvinnu fram yfir það.

Laun samkvæmt þessari grein greiðast í sex mánuði eftir að ráðningatíma lýkur.

3. gr.

Sem kjörinn bæjarfulltrúi fær Rósa Guðbjartsdóttir greidd laun samkvæmt samþykktum um laun fyrir störf í bæjarstjórn Hafnarfjarðar. Samkvæmt 4. gr. 32. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er kjörnum bæjarfulltrúa óheimilt að afsala sér greiðslum launa fyrir setu í bæjarstjórn.

4. gr.

Bæjarstjóri fær greiddan kostnað vegna nota bifreiðar sinnar í þágu starfs síns sem nemur 500 km á mánuði auk kostnaðar af síma og nettengingu.

Bæjarstjóri greiðir til lífeyrissjóðs lögbundið framlag gegn lögbundnu framlagi Hafnarfjarðarkaupstaðar. Ákveði bæjarstjóri að nýta sér heimild til viðbótarlífeyrissparnaðar greiðir Hafnarfjarðarkaupstaður mótframlag í samræmi við reglur á hverjum tíma.

Bæjarsjóður greiðir iðgjöld af veikinda- og líftryggingu bæjarstjóra.

5. gr.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á gildistíma samnings eru sex mánuðir og hefur bæjarstjóri vinnuskyldu á uppsagnarfresti ef Hafnarfjarðarkaupstaður óskar þess.

6. gr.

Önnur kjaraatriði s.s. varðandi veikindarétt, slysatryggingu, orlof o.fl. skulu vera með sama hætti og gilda um fastráðið starfsfólk Hafnarfjarðarkaupstaðar sem tekur laun skv. kjarasamningi STH.

Hafnarfirði, 1. júlí 2022

Valdimar Víðisson
formaður bæjarráðs

Rósa Guðbjartsdóttir
bæjarstjóri